

Hringsjá,
náms- og starfsendurhæfing

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla stjórnar	2
Skýrsla óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	6

Hringsjá, náms- og starfsendurhæfing
Kennitala 540987-2549
Hátún 10d, 105 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Markmið Hringsjár er að veita náms- og starfsendurhæfingu fyrir einstaklinga, 18 ára og eldri sem vegna sjúkdóma, slysa, fötlunar eða annarra áfalla þurfa á endurhæfingu að halda til að takast á við nám og/eða að stunda atvinnu á almennum vinnumarkaði. Endurhæfingin felst í einstaklingsmiðuðu námi í formi styttri námskeiða eða einingabæru námi með sérhæfðri ráðgjöf og stuðningi.

Rekstur Hringsjár á árinu 2024 var í samræmi við væntingar. Framlög og styrkir námu samtals 338,6 millj. kr. árið 2024 samanbörð við 258,4 millj. kr. árið áður. Í ársbyrjun 2024 var undirritaður samningur um þróun Hringsjár á matsbraut atvinnuleitenda og mælingum á árangri hennar við þáverandi félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og skýrir það að miklu leyti aukin umsvif samanbörð við árið 2023. Afgangur ársins nam 24,4 millj. króna samanbörð við 4,0 millj. kr. halla árið 2023. Ársverk voru 17,7 samanbörð við 15,4 árið áður.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Hringsjár, náms- og starfsendurhæfingar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Hringsjár fyrir árið 2024 með áritun sinni.

Reykjavík, 13. maí 2025.

Stjórn




Magnús Ingimundarson - formaður stjórnar



Elfa Svanhildur Hermannsdóttir - meðstjórnandi



Eva Þengilsdóttir - meðstjórnandi



Frimann Sigurnýasson - meðstjórnandi



Hrönn Stefánsdóttir - meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri



Helga Eysteinsdóttir

Skýrsla um aðstoð við gerð ársreiknings

Til framkvæmdastjóra og stjórnar Hringssjár, náms- og starfsendurhæfingar

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Hringssjár, náms- og starfsendurhæfingar fyrir árið 2024 byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum viðeigandi siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn og framkvæmdastjóra félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn og þær upplýsingar sem honum fylgja, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra fyrirtækisins.

Þar sem aðstoð við gerð ársreikningsins er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram í þeim tilgangi að útbúa ársreikning félagsins. Þar af leiðandi er hvorki gefið út álit byggt á endurskoðun né ályktun byggð á könnun um það hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 13. maí 2025.

Endurskoðun og reikningshald ehf.


Gísli Jóhannsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýringar	2024	2023
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir		300.551.563	231.367.117
Styrkur ÖBÍ		33.000.000	27.000.000
		<u>333.551.563</u>	<u>258.367.117</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	234.722.668	193.321.378
Annar rekstrarkostnaður		73.723.457	69.260.757
Afskriftir	4	3.788.835	309.645
		<u>312.234.960</u>	<u>262.891.780</u>
Rekstrarhalli		21.316.603	(4.524.663)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur nettó		3.103.045	570.467
		<u>3.103.045</u>	<u>570.467</u>
Afgangur (halli) ársins		<u>24.419.648</u>	<u>(3.954.196)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýringar	2024	2023
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstarfjármunir:	4		
Tölvur og tölvubúnaður		2.762.896	4.187.982
Húsgögn og ýmis áhöld		1.632.276	2.745.386
		<u>4.395.172</u>	<u>6.933.368</u>
Fastafjármunir samtals		4.395.172	6.933.368
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	22.945.063	13.812.615
Handbært fé		53.096.079	61.545.216
		<u>76.041.142</u>	<u>75.357.831</u>
Eignir samtals		<u>80.436.314</u>	<u>82.291.199</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	6	42.100.412	17.680.764
		<u>42.100.412</u>	<u>17.680.764</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Fyrirframgreiddir styrkir starfsendurhæfingar		0	20.000.000
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		2.441.516	1.603.157
Aðrar skammtímaskuldir		10.894.386	8.007.278
Fyrirframgreiddir styrkir starfsendurhæfingar		25.000.000	35.000.000
		<u>38.335.902</u>	<u>44.610.435</u>
Skuldir samtals		38.335.902	64.610.435
Eigið fé og skuldir samtals		<u>80.436.314</u>	<u>82.291.199</u>
Aðrar upplýsingar			
	7		

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Hringsjá, náms- og starfsendurhæfing er rekið í formi félagasamtaka og er lögheimili þeirra að Hátúni 10d í Reykjavík. Hringsjá veitir náms- og starfsendurhæfingu fyrir einstaklinga, 18 ára og eldri sem vegna sjúkdóma, slysa, fötlunar eða annarra áfalla þurfa á endurhæfingu að halda til að takast á við nám og/eða að stunda atvinnu á almennum vinnumarkaði. Endurhæfingin felst í einstaklingsmiðuðu námi í formi styttri námskeiða eða einingabæru námi með sérhæfðri ráðgjöf og stuðningi.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Skráning tekna

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar þegar þjónustan hefur verið veitt. Styrktekjur eru færðar á því tímabili sem kostnaðurinn fellur til sem viðkomandi styrk er ætlað að mæta. Fyrirframinnheimtir styrkir eru því færðir í efnahagsreikning á meðal skulda.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Tölvur og tölvubúnaður.....	20%
Húsgögn og ýmis áhöld.....	10%

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Handbært fé er óbundnar bankainnistæður.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á viðskiptaverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld	2024	2023
Laun	195.141.022	156.086.429
Launatengd gjöld	39.581.646	37.234.949
	<u>234.722.668</u>	<u>193.321.378</u>

Ársverk	17,7	15,4
---------------	------	------

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

	<i>Tölvur og tölvubúnaður</i>	<i>Húsgögn og áhöld</i>	<i>Samtals</i>
Árslok 2023:			
Bókfært verð í ársbyrjun	4.373.948	2.869.065	7.243.013
Afskriftir ársins	(185.966)	(123.679)	(309.645)
Bókfært verð í árslok	<u>4.187.982</u>	<u>2.745.386</u>	<u>6.933.368</u>
Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	18.596.572	12.367.893	30.964.465
Afskrifað samtals	(14.408.590)	(9.622.507)	(24.031.097)
Bókfært verð í árslok	<u>4.187.982</u>	<u>2.745.386</u>	<u>6.933.368</u>
Árslok 2024:			
Bókfært verð í ársbyrjun	4.187.982	2.745.386	6.933.368
Keypt á árinu	1.250.639		1.250.639
Afskriftir ársins	(2.675.725)	(1.113.110)	(3.788.835)
Bókfært verð í árslok	<u>2.762.896</u>	<u>1.632.276</u>	<u>4.395.172</u>
Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	19.847.211	12.367.893	32.215.104
Afskrifað samtals	(17.084.315)	(10.735.617)	(27.819.932)
Bókfært verð í árslok	<u>2.762.896</u>	<u>1.632.276</u>	<u>4.395.172</u>
Afskriftarhlutföll	20%	10%	

5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2024	2023
Viðskiptakröfur	23.758.563	13.812.615
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(813.500)	0
Viðskiptakröfur, nettó	<u>22.945.063</u>	<u>13.812.615</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Skýringar

6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Jöfnuður 1/1	17.680.764	17.680.764
Halli ársins	24.419.648	24.419.648
Jöfnuður 31/12	<u>42.100.412</u>	<u>42.100.412</u>

7. Aðrar upplýsingar

Leigusamningur

Í árslok er í gildi samningur um leigu á húsnæði sem hýsir starfsemi Hringsjár. Samningurinn er ótímabundinn með tólf mánaða uppsagnarfresti. Á rekstrarárinu 2024 voru gjaldfærðar í rekstrarreikningi samtals 9,0 millj. kr. (2023: 7,3 millj. kr.) vegna samningsins.

Á hverjum tíma er Hringsjá því skuldbundin til að greiða það sem samsvarar tólf mánaða leigu.

